

Ávarp Þorsteins Víglundssonar, félags- og jafnréttismálaráðherra

<http://thing.sgs.is/dagskra/>

Góðir gestir, virðulegu fulltrúar á 6. þingi Starfsgreinasambands Íslands sem nú er að hefjast.

Það er ángægjulegt að fá tækifæri til að setja þetta þing og fá þar með tækifæri til að fara nokkrum orðum um þau verkefni sem unnið hefur verið að í þeim hluta velferðarráðuneytisins sem ég hef farið fyrir á stuttu kjörtímabili sem brátt er á enda. – Verkefni sem varða á ýmsan hátt kjör og aðstæður launafólks í landinu og ráða sum hver mjög miklu máli um lífskjör fólks almennt. – Ég nefni hér sérstaklega húsnæðismálin, endurskoðun vinnumarkaðsmódelisins, aðgerðir til að draga úr launamun kynja og til að bæta aðferðafræðina að baki launasetningu, ég nefni starfsendurhæfingu, hækkun hámarksgreiðslna í fæðingarorlofi, og eins nefni ég aðgerðir til að bæta eftirlit á vinnumarkaði og sporna við félagslegum undirboðum.

Fyrst af öllu vil ég fara nokkrum orðum um húsnæðismálin í tengslum við þann húsnæðissáttmála sem stjórnvöld kynntu í júní síðastliðnum með margvíslegum aðgerðum til að bregðast við þeim vanda sem við blasir á húsnæðismarkaði og er verulega alvarlegur. Í sáttmálanum eru rakin verkefni til að mæta þessum áskorunum.

- Í sáttmálanum er m.a. lögð áhersla á **að efla greiningar og upplýsingagjöf** um húsnæðismarkaðinn.
- Verið er að stíga fyrstu skrefin með sveitarfélögunum í þá átt **að kortleggja betur þörfina fyrir uppbyggingu á íbúðarhúsnæði** og greina hana með tilliti til þess hvers konar húsnæði vantar til framtíðar og hvaða hópum því er ætlað að þjóna.
- Með **gerð samræmdra húsnæðisáætlana fyrir öll sveitarfélög** í landinu fáum við betri yfirsýn yfir stöðu húsnæðismarkaðarinnar og tæki til að bregðast við eftirspurn eftir húsnæði fyrr til að koma í veg fyrir að sú staða, sem nú er uppi, komi upp í framtíðinni. Lykilatriði til að vel takist til er að áætlanir séu raunhæfar og að unnið sé eftir þeim, bæði varðandi uppbyggingu á vegum sveitarfélaganna sjálfra en ekki síður að þær endurspeglar í skipulagi vegna uppbyggingar á vegum annarra aðila. Að þessu þurfa allir að vinna saman.
- Í húsnæðissáttmálanum er kveðið á um **aukna uppbyggingu hagkvæms húsnæðis**. M.a. með **auknum stofnframlaga** til uppbyggingar almennra íbúða.
- Í samræmi við markmið húsnæðissáttmálans hefur verið gert sérstakt samkomulag um **uppbyggingu á sértæku húsnæði fyrir fatlað fólk** með aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þar er kveðið á um kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga og ætti samkomulagið styðja við frekari uppbyggingu sértæks húsnæðis fyrir fatlað fólk.

- Frítekjumark húsnæðisbóta hefur verið hækkað.
- Í sáttmálanum er **áhersla lögð á aukna upplýsingagjöf og fræðslu**, m.a. til leigusala og leigjendum með það að sjónarmiði að auka öryggi og festu á leigumarkaði. Verður **fræðslugátt þessu tengd opnuð á Húsnæðisþingi 8. Nóvember nk.**
- Gefnar hafa verið út **leiðbeiningar um framkvæmd sérstaks húsnæðisstuðnings** á vegum sveitarfélaganna. **Þá er unnið að leiðbeinandi reglum og viðmiðum um úthlutun félagslegs húsnæðis** með það að markmiði að samræma húsnæðisstuðnings og rétt til húsnæðisúrræða milli sveitarfélaga.

Almenn þátttaka á vinnumarkaði er talin ein þýðingarmesta leiðin til að koma í veg fyrir félagslega einangrun og fátækt. Við þurfum að gera sem flestum kleift að vera virkir þátttakendur á vinnumarkaði, og leggja áherslu á þátttöku fólks með fötlun og skerta starfsgetu. Þessar áherslur eru inni í því fjárlagafrumvarpi sem liggur fyrir Alþingi og vonandi fá þær að halda sér í meðförum nýs þings við gerð fjárlaga næsta árs.

- Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að verja **tæpum 270 m.kr. á næsta ári til verkefna sem styðja eiga við atvinnuþátttöku fólks sem stendur höllum fæti á vinnumarkaði.**
- ...rúmum 80 milljónum króna til að fjölga vinnusamningum öryrkja,
- ...20 milljónir kr. eru merktar Vinnumálastofnun til að efla þjónustu við fatlaða atvinnuleitendur,
- ...75 m.kr. til að lengja það tímabil sem heimilt er að greiða fólki endurhæfingarlífeyri
- ...um 90 m.kr. eru ætlaðar til að undirbúa innleiðingu starfsgetumats eftir því sem það á við.
- Í ríkisfjármálaáætlun er gert ráð fyrir að **vinnusamningum öryrkja verði fjölgað úr 750 á árinu 2017 í 1.150 árið 2020.** Fyrsta skrefið að því markmiði verður tekið á næsta ári en horft er til mikilvægi þess að öryrkjum og fötluðu fólki gefist kostur á vinnusamningum í samræmi við getu og þarfir.

Góðir gestir.

Umræða um **að innleiða starfsgetumat í stað örorkumats** eftir því sem það á við hefur staðið býsna lengi og ýmis mikilvæg skref hafa verið tekin í átt að því markmiði.

- Við þurfum að móta betur og tileinka okkur hugmyndafræðina í kringum þær breyttu áherslur sem starfsgetumat felur í sér. Ég er hins vegar ekki í vafa um að við eigum að stíga þetta skref og hætta þeirri skorthugsun sem felst í örorkumatinu og er bæði neikvæð og niðurdrepandi.
- Áherslan á að vera á getu fólks, að draga fram styrkleika þess og efla þá með viðeigandi stuðningi, starfsendurhæfingu og eins þarf að leggja áherslu á virka aðstoð við atvinnuleit.
- **Alþjóðageðheilbrigðisdagurinn var í gær, 10. október, og var að þessu sinni helgaður geðheilbrigði á vinnustöðum.** Það er ekki að ástæðulausu að sjónum skuli beint að þessu viðfangsefni. Vinnuaðstæður í víðum skilningi þess orðs geta skipt miklu um líðan fólks í vinnunni og það er mjög mikilvægt að atvinnurekendur og stjórnendur séu meðvitaðir um þetta.
- **Geðræn vandamál eru algengasta ástæða þess að fólk þarf á starfsendurhæfingu að halda** og það er alveg ljóst að við þurfum að gefa þessum vanda meiri gaum með áherslu á jafnt á forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir og snemmtæka íhlutun.

Aðgerðir til að eyða kynbundnum launamun eru í mínum huga stórmál og þar er enn verk að vinna.

- Mikilvægur áfangi náðist þegar frumvarp um **jafnlaunavottun** varð að lögum frá Alþingi í júní síðstliðnum, en notkun jafnlaunastaðals og lögbundin vottun tel ég afar góða og skilvirka leið til þess að bæta fyrirkomulag launasetningar, gera launaákvæðanir skýrari og gegnsærri og sporna þannig við mismunun, hvort sem er á grundvelli kyns eða annarra þátta.

Félagsleg undirboð - keðjuábyrgð

- Atvinnuástand hér á landi metið út frá tölum um atvinnuleysi hefur aldrei verið betra – en mikilli eftirspurn eftir fólki í ákveðnum starfsgreinum fylgja líka áskoranir. Félagsleg undirboð og mansal vega þar þungt. Aukið eftirlit til að sporna við þessu er nauðsynlegt og eins vona ég að á komandi þingi náist samstaða um að leiða í lög keðjuábyrgð í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð, í samræmi við það frumvarp sem ég lagði fyrir Alþingi síðastliðið vor.